

**Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. október 2023:
Lögð fram svohljóðandi tillaga Sósíalístaflokks Íslands:**

Umhverfis og skipulagsráð samþykkir að koma upp skiltum við göngugötur í Reykjavík sem kveði á um að umferð handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra sé þar heimil.

Greinargerð:

Við göngugötur er allur akstur vélknúinna ökutækja bannaður, en undanþáguheimildir eru þó fyrir hendi.

Samkvæmt 10. gr. umferðarlaga er umferð handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða heimil á göngugötum en við þessar götur hafa verið sett upp skilti sem minna á að umferð bifreiða sé óheimil.

Fyrir neðan þau eru síðan önnur skilti sem kveða á um að vörulosun sé þó heimil á tilteknum tíma.

Hvergi er tekið fram að umferð sé heimil handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða og verða þeir sem nýta sér þessa heimild fyrir aðkasti og ýmsum óþægindum vegna þessa.

Merkingum þarf því að breyta í samræmi við undanþáguheimild fyrir svokallaða P-merkishafa, og er hér með lagt til að slík skilti séu sett upp, til viðbótar þeim sem eru þar fyrir.